

## REGLUR

### um breytingu á reglum nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands.

1. gr.

Á eftir 16. mgr. 119. gr., um diplómanám í náms- og kennslufræði, bætist við ný málsgrein, svohljóðandi: Diplómanám í stærðfræðimenntun fyrir starfandi framhaldsskólakennara í stærðfræði er sjálfstætt 60 eininga nám á meistarastigi.

2. gr.

Staflíður a í 1. mgr. 132. gr. breytist og orðast svo: Til *BS-prófs* í eðlisfræði, efnafræði, hagnýttri stærðfræði, lífefnafræði og stærðfræði, ásamt stærðfræði og stærðfræðimenntun í samstarfi við menntavísindasvið, lífefna- og sameindalíffræði í samstarfi við líf- og umhverfisvísindadeild og verkfræðilegri eðlisfræði í samstarfi við aðrar deildir verkfræði- og náttúruvísindasviðs.

3. gr.

Reglur þessar, sem samþykktar hafa verið í háskólaráði Háskóla Íslands, eru settar á grundvelli laga nr. 85/2008 um opinbera háskóla og öðlast þegar gildi.

*Háskóla Íslands, 11. mars 2015.*

**Kristín Ingólfssdóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Þórður Kristinsson.*